

Bæjarstjórn Garðabæjar

Garðatorgi 7

210 Garðabæ

Garðabæ 10. júlí 2017

Varðandi hljóðmön við Reykjanesbraut:

Þegar Reykjanesbrautin var tvöfölduð fyrir u.þ.b. áratug lýstu íbúar Efri-Flata áhyggjum af fyrirsjáanlegri aukningu á umferðar-hávaða-mengun. Fengust þau svör að þetta myndi lagast með hljóðmanarstubb yfir læknum og hljóðmön við Vífilstaðaveg. Þær aðgerðir hafa því miður litlu breytt. Griðarlegur umferðarhávaði berst frá Reykjanesbraut yfir Efri- Flatir svo að ekki verður lengur við unað. Með fyrirsjáanlega vaxandi umferð mun ástandið versna enn frekar. Umferð hefur að undanfögnu aukist verulega um Reykjanesbraut ekki síst með tilkomu Costo verslunar og vegna aukinna umsvifa almennt í Kaupúni.


Undirritaðir fulltrúar íbúa við Sunnuflöt fara þess hér með á leit við bæjaryfirvöld í Garðabæ að þau beiti sér fyrir því við til þess bæra aðila að hafnar verði framkvæmdir um gerð hljóðmanar við Reykjanesbraut á kaflanum frá Vífilstöðum að byggðinni í Molduhrauni. Nánar tiltekið að þeim hluta brautarinnar sem snýr að Flatahverfi í Garðabæ.

Með gerð hljóðmanar:

1. Minnkar hávaðamengun til muna í hverfinu og lífsgæði íbúa þess aukast.
2. Útivistargildi Garðahrauns eykst verulega. Nýlega hafa verið lagði glæsilegir göngustígar um hraunið, en því miður er hávaði það mikill í hrauninu að náttúruupplifun er takmörkuð.

Með von um fullan skilning á ofanefndu og skjót viðbrögð.

Virðingarfyllst,



Eymundur Sveinn Einarsson, Sunnuflöt 12 og fyrir hönd neðangreindra

Elfar Rúnarsson, Sunnuflöt 10

Einar Guðmundsson, Sunnuflöt 20

Örvar Kærnested, Sunnuflöt 14

Steinar J. Lúðvíksson, Sunnuflöt 34